



# Grænir Reitir

## GÁTLISTI GRÆNNAR LEIGU HJÁ REITUM

### 01 SORPHIRÐA OG ENDURVINNSLA



Sorpmál hússins skulu skipulögð þannig að úrgangsflokkar séu að lágmarki fjórir fyrir utan almennan úrgang. Þó er hvatt til þess að úrgangsflokkar séu fleiri. Rafhlöður og aðrar vörur sem innihalda spilliefni, skal ávallt skila til endurvinnslu. Reitir sjá um að sorpmálin séu skipulögð með þessum hætti fyrir húsfélög og hús með sameignir. Flokka skal allan úrgang vegna viðhaldsverkefna.

### 02 REKSTUR OG VIÐHALD HÚSNÆÐIS



Leitast skal við að kaupa umhverfisvottaðar rekstrarvörur en eingöngu skulu notaðar sápur og pappír með umhverfisvottun Svansins, Blómsins eða ISO. Ný orkufrek raftæki skulu vera í ESB orkuflokki A eða ofar. Við endurnýjun á perum skal eingöngu nota sparperur eða álíka. Reitir nota vottaðar rekstrarvörur í sameignum og leitast við að vera í samstarfi við umhverfisvottaða aðila um ræstingu sameigna. Málning og ný gólfefni skulu vera með umhverfisvottun Svansins, Blómsins eða ISO.

### 03 SAMGÖNGUR



Leigutaki tryggir að hjólastæði séu til staðar og að aðgengi fyrir hjól sé eins gott og aðstæður leyfa. Til að gera lengri hjólaferðir raunhæfar hvetja Reitir leigutaka til að koma upp sturtum og fataskápum ef aðstæður leyfa, einnig er hvatt til þess að starfsmönnum sem ferðast með vistvænum samgöngumáta sé veittur samgöngustyrkur. Bílastæði með rafmagnshleðsluáðstöðu geta einnig verið góður kostur. Breytingar á húsnæði og lóð þarf að gera í samráði við Reiti.



# Grænir Reitir

## GÁTLISTI GRÆNNAR LEIGU HJÁ REITUM

### 04 RAFMAGN



Leigutaki skipar eftirlitsmann sem skráir stöðu rafmagnsmæla mánaðarlega og leitar leiða til að draga úr notkun.

Leigutaki notar sjálfvirkt orkuvöktunarkerfi þar sem það á við og kemur á verkferlum eða kerfum sem tryggja að slökkt sé á tækjum sem ekki eru í notkun.

### 05 KERFI S.S. LOFTRÆSIKERFI, KÆLIKERFI O.FL.



Innleiða skal tímastjórnandi búnað í loftræsikerfum ef starfsemi liggur niðri t.d. á nóttinni eða verkferla sem tryggja lokun kælikerfa þegar þeirra er ekki þörf.

Reitir hafa milligöngu um þjónustusamninga við viðurkennda aðila og beita eftirliti.

### 06 HEITT VATN



Leigutaki skipar eftirlitsmann sem skráir stöðu rennslismæla mánaðarlega. Mánaðarleg staða er borin saman við fyrri tímabil og leitað er leiða til að lágmarka notkun. Leigutaki lætur yfirfara ofnakerfi árlega m.t.t. bestu afkasta m.v. vatnsnotkun.

Leigutaki skal tryggja að slökkt sé á snjóbræðslukerfum á sumrin.